

132. löggjafarþing 2005–2006.
Þskj. 956 — 649. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um kostnað við hjúkrun aldraðra.

Frá Jóhönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Hve margir aldraðir hafa lokið meðferð á Landspítala – háskólasjúkrahúsi og eru á biðlista eftir úrræðum utan sjúkrahússins? Á hvaða sviðum sjúkrahússins liggja þeir og hver er meðalkostnaður á dag vegna umönnunar þeirra skipt eftir sviðum?
2. Hver er meðalkostnaður við umönnun aldraðra á hjúkrunarheimilum á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og hins vegar í Norðvesturkjördæmi?

Skriflegt svar óskast.